



Skýrsla frá 34. ráðstefnu AEFCA,
evrópska kvattspyrnuþjálfarafélagsins
í Tyrklandi 1. – 5. desember 2013

Sigurður Þórir Þorsteinsson
Kristján Guðmundsson
Ómar Jóhannsson

Í fjórða skipti frá stofnun evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins var ráðstefnan haldin í Tyrklandi á vegum tyrkneska þjálfarafélagsins, TUFAD og knattspyrnusambands Tyrklands TFF. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Coaching – Stay in the Lead to Master the Future“



Fulltrúar KPÍ á ráðstefnunni voru Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður, Kristján Guðmundsson, varaformaður og Ómar Jóhannsson, gjaldkeri.

Á aðalfundinum var kosið til nýrrar stjórnar til næstu þriggja ára og var oft heitt í kolunum hjá stjórnarmönnum við að kynna framboð sín. Walter Gagg var kosinn nýr forseti AEFCA en fráfarandi forseti, Josef Venglos, gaf ekki áfram kost á sér vegna hrakandi heilsu sinnar. Uppýsingar um aðalfundinn og fulltrúa í nýrri stjórn má lesa hér <http://www.aefca.eu/en/node/478>

Nokkur góð erindi og fyrirlestrar voru á ráðstefnunni og hefur heimasíða AEFCA fengið leyfi til að birta nokkur þeirra. Efnið má finna hér undir ártalinu 2013 : <http://www.aefca.eu/en/coaches-training-aid>

Efst á síðunni er myndband af æfingu úrvalsdeildarliðs Antalyaspor í Tyrknesku deildinni. Æfingin sem að þeir sýndu okkur snerist um markvissa sóknaruppbyggingu.

Aðeins neðar á síðunni undir Presentations and Lectures má finna þau erindi sem leyfi fékkst fyrir að sýna.

Mánudagur 2 desember. Ismail Dilber, forseti knattspyrnuþjálfarafélags Tyrklands og Karlheinz Raviol framkvæmdastjóri AEFCA settu ráðstefnuna og kynntu til leiks Gérard Houllier. Hann fór yfir skýrslu frá tækninefnd FIFA um Álfukeppnina í Brasilíu þar sem komu fram nokkrir áhugaverðir punktar um keppnina sem og hugmyndir um hvernig HM 2014 mun líta út. Í framhaldi af framsögu hans tók Craig Brown viðtal við Houllier til að ræða feril hans, skoðanir og upplifanir á fótbolta og komu þeir félagar víða við á þeim 40 mínútum sem voru til umræða.



Werner Mickler, íþróttasálfræðingur flutti athyglisvert erindi um álag á þjálfara og hugmyndir um hvernig þjálfarar eiga að vinna úr álaginu sem á þeim er til að ná sem mestu úr vinnu sinni. Jafnframt fór Mickler inn á lyklatríði að því að mynda sterka liðsheild og sýndi nokkur vel þekkt dæmi til aðstoðar og örvunar.

Martin Hindley, starfsmaður UEFA, kynnti heimasíðuna - UEFA Training Ground. Síðan er öflugt verkfæri til aðstoðar þjálfurum í vinnu sinni og hvetjum við íslenska þjálfara til að kynna sér fyrirlesturinn og skoða heimasíðuna. Hindley bað þjálfara endilega um að senda sér athugasemdir, upplifun og hugmyndir fyrir síðuna til að gera enn betri.

Í lok dagsins lýsti Martin Hunter þjálfari 21 árs liðs Southampton hvernig félagið byggir upp Akademíu og unglingsþjálfun sína. Einkunnarorð félagsins eru „Passion-Harmony-Respect“ Ekki fékkst leyfi til að birta erindi hans á heimasíðu AEFCA. Meðal annars kom fram í máli Hunters að þjálfarar

unglingaliðanna nota ekki fleiri en 12-15 sömu æfingarnar yfir keppnistímabilið og hver leikmaður hittir þjálfara sína á sex vikna fresti til að fara yfir stöðu leikmannsins og þróun.

Þriðjudagur 3 desember. Þema dagsins var kynning á því hvernig Tyrkir byggja upp þjálfun sína, bæði yngri flokka sem þeirra eldri. Fyrst fór Samet Aybaba yfirþjálfari úrvalsdeildarliðs Antalyaspor yfir stöðuna í knattspyrnunni í landinu og kynnti síðan verklega æfingu sem fór í framhaldinu fram á WOW Stadium ,æfingasvæði Antalyaspor. Æfingin sem að þeir sýndu okkur snerist um markvissa sóknaruppbyggingu og fórst þeim hún vel úr hendi. Eftir hádegi voru fluttir fyrirlestrar á Tyrknesku um flesta þætti þjálfunar hjá Tyrknesku félagunum. Fyrirlestrarnir hafa enn ekki verið þýddir yfir á ensku og eru því ekki aðgengilegir á heimasíðu AEFCA.



Miðvikudagur 4 desember. Um morguninn fór fram aðalfundur AEFCA þar sem ný stjórn var kosin eftir mikla og innihaldsríka kosningabaráttu.

Því næst kynnti Christian Holzer frá Impire AG kynnti mjög öflugt leikgreiningarforrit. Gaman að skoða en verðið og umfang er eitthvað sem að okkar markaður ræður ekki við.

Karl Dhont frá UEFA fór síðan yfir stöðuna á hagræðingu úrslita í heiminum og spillingunni sem slíku fylgir. Ekki fékkst leyfi fyrir því að setja fyrirlesturinn á heimasíðu AEFCA en ansi margar og óhuggulegar staðreyndir komu fram í máli Karls og er rétt að áréttta við þjálfara að halda vöku sinni í þessum efnunum. Karl sagði helsta vopn knattspyrnufélaga gegn spillingunni vera fræðsla fyrir alla þá sem að knattspyrnufélögum koma og er gott til þess að vita að slík fræðsla fór af stað á þessu ári hjá KSÍ til forsvarsmanna félaganna.